



***Tillaga að forvarnarstefnu fyrir  
Langanesbyggð  
2016-2020***

Ingvar Sigurgeirsson  
Jakob Frímann Þorsteinsson

Í samráði við stýrihóp

Júní 2016

## Efnisyfirlit

Samantekt .....	3
Leiðarljós forvarnarstefnunnar .....	3
Forgangsverkefni .....	3
Inngangur .....	4
Staða forvarnarmála í Langanesbyggð .....	5
Forvarnarstefnan.....	6
Leiðarljós .....	7
Forgangsverkefni .....	8
Hugmyndabanki .....	11
Fræðsla fyrir foreldra og aðra íbúa.....	11
Tómstundastarfið .....	11
Skólarnir .....	11
Hreyfing og íþróttir .....	12
Skapandi starf.....	12
Aðrar hugmyndir .....	12

## Samantekt

### Leiðarljós forvarnarstefnunnar

- Lögð er áhersla á Langanesbyggð sé fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag þar sem öll börn og ungmenni hafa jöfn tækifæri, líður vel og tileinka sér heilbrigðar lífsvenjur.
- Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna skiptir þar sköpum. Jafnframt er lögð áhersla á að sem flestir líti á það sem hlutverk sitt að hlúa að umhverfi barna og unglunga og sjá til þess að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi.
- Styðja þarf foreldra í uppeldishlutverki sínum með fjölbreyttum aðgerðum, m.a. í samvinnu við skóla, sveitarfélagið, stofnanir og félagasamtök.
- Miklu varðar að börn og unglingar þroski með sér sterka og jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni sem gerir þeim kleift að takast á við áskoranir daglegs lífs.
- Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga.
- Samfélagið allt þarf stöðugt að vera vakandi yfir aðstæðum barna og bregðast skjótt við þegar nauðsyn krefur.

### Forgangsverkefni

#### 1. **Fagleg forysta og aðgerðir**

Ráðinn verði starfsmaður (félagsmála- eða tómsunda- og íþróttafulltrúi) til að vinna að forvarnar- og lýðheilsuáttum fyrir sveitarfélagið. Sé ekki unnt að ráða manneskju í fullt starf verði ráðið í hlutastarf eða öðrum aðila falið þetta hlutverk. Verkefni þessa starfsmanns verði einkum að fylgja þessari stefnumörkun eftir.

#### 2. **Virkjandi starf fyrir ungmenni**

Ráðist verði í aðgerðir sem beinast að því að bæta aðstæður ungs fólks. Efla þarf tómsunda- og menningarstarf fyrir þenna aldurshóp, bæta aðgang að sálfræðipjónustu og gera ráðstafanir til að tryggja að hún sé reglulega fyrir hendi. Ganga þarf lengra en nú er gert til að finna ungmenni í áhættu.

#### 3. **Efling félagsmiðstöðvar sem vettvangs fyrir fjölbætt tómsundastarf fyrir börn, unglunga og ungt fólk.**

Félagsmiðstöðinni (Svartholinu) verði fundið rýmra húsnæði sem innréttað ferði í samstarfi við ungmennin. Jafnframt lúti starfið dagskrá sem unglingar og ungt fólk hafa tekið leiðandi þátt í að móta og framkvæma.

#### 4. **Áfram verði unnið markvisst að því styrkja unga fólk sem einstaklinga (sjálfstyrking).**

#### 5. **Áríðandi er að skapa öllum börnum í sveitarfélaginu jafnan aðgang að félags-, tómsunda- og íþróttastarfi.**

#### 6. **Fundnar verði leiðir til að efla þátttöku nýrra Íslendinga í samfélaginu og styrkja þá til aukinnar félagslegrar virkni.**

#### 7. **Fræðsla til foreldra um hlutverk þeirra í forvarnarstarfi verði eflað.**

## Inngangur

Nú er í fyrsta sinn samþykkt formleg forvarnarstefna fyrir Langanesbyggð.

Margt hefur verið vel gert í forvarnarmálum í sveitarfélaginu á undanförunum árum, en með því að samþykkja stefnu um þessi mál, er þess vænst að vinnubrögð og aðgerðir á þessu sviði verði enn markvissari. Þá er þess vænst að stefnan leiði til öflugri og stöðugri samvinnu allra þeirra sem að forvarnarmálum koma.

Margir aðilar hafa lagt af mörkum við mótn þessarar stefnu. Umræður til undirbúnings henni hafa farið fram meðal íbúa, innan félagasamtaka, í skólunum, í starfsnefndum sveitarfélagsins, innan sveitarstjórnar og á fjölmörgum fundum sem efnt hefur verið til í tengslum við verkefnið. Eftirfarandi spurningar voru lagðar til grundvallar.

- Hvað er vitað um lífshætti barna og ungmenna, áhættuhegðun, neysluvenjur og annað sem forvörnum tengist?
- Hvað er gert í forvarnarmálum í byggðinni?
- Hvað hefur verið reynt og hvert er mat fólks á því hvernig til hefur tekist?
- Hvaða mál eru mest aðkallandi varðandi forvarnir?
- Á hvað vilja íbúar / foreldrar / fagfólk leggja megináherslu í þessum málaflokki?

Stefnan er byggð á niðurstöðum þessara samræðna. Samantekt á niðurstöðum var tekin saman í sérstöku skjali og skal vísað til þess hér.<sup>1</sup> Einnig var stuðst við ýmis gögn, m.a. skýrslur um forvarnarverkefni, kannanir, en ekki síst við reynslu annarra sveitarfélaga af hliðstæðu starfi.

Ráðgjafar við þessa stefnumótun voru þeir Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands og Jakob Frímann Þorsteinsson aðjúnkt við Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands. Með þeim vann stýrihópur sem í áttu sæti Dagrún Þórisdóttir, formaður fræðslunefndar; Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, leikskólastjóri; Hildur Stefánsdóttir, verkefnisstjóri framhaldsdeildar; Jón Gunnþórsson, formaður velferðarnefndar; Ingveldur Eiríksdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn og María Guðmundsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði.

Með forvarnarstarfi er átt við hvers konar fræðslu, ráðgjöf, verkefni og viðburði sem ætlað er að stuðla að andlegu, félagslegu og líkamlegu heilbrigði. Forvarnarstefna lýtur að því að skilgreina leiðir til að efla þetta starf. Samfélagið allt ber ábyrgð á að hlúa að líkamlegri, félagslegri og andlegri heilsu barna og ungmenna. Í raun má líta á forvarnarstefnu sem lýðheilsustefnu, sem nær til allra aldurshópa, en þó ekki síst til ungu kynslóðarinnar. Sveitarfélög bera skýrar skyldur gagnvart börnum og unglíngum að sjálfræðisaldri (0–18 ára), en eins og sjá má hér á eftir, gæti í Langanesbyggð verið ástæða til að huga sérstaklega að ungmennum um og eftir tvítugt, sem kunna að standa höllum fæti, eða hafa misst einhver tók á eigin lífi. Afar áriðandi er í öllum samfélögum, að ekki sé minnst á þau fámennu, að efla ungt fólk til virkni, þátttöku og ábyrgðar.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í forvörnum. Við mótn forvarnarstefnu er eðlilegt að líta til þess hvernig unnt er að styrkja þá í uppeldis hlutverkinu og skapa umhverfi sem styður við þá. Þá skiptir máli að framkvæmd forvarnarstefnunnar sé samofin öllu skóla-, félags- og uppeldisstarfi. Forvarnir taka í raun til flestra þátta í samfélaginu, þar með talið framboðs á íþróttum og tómstundastarfi,

<sup>1</sup> Sjá á þessari slóð: <http://skolastofan.is/radgjof/motun-forvarnarstefnu-i-langanesbyggd>

möguleika til samskipta, hreyfingar og útivistar, holls mataræðis, aðgangs að heilsugæslu og sálfræðiþjónustu, félagsstarfs, forvarnar- og lýðheilsufræðslu. Þá hafa fyrirtæki og stofnanir líka hlutverki að gegna.

## Staða forvarnarmála í Langanesbyggð

Fjölmargt hefur verið gert í forvarnarmálum í Langanesbyggð á undanförunum árum og árangur verið umtalsverður. Flest bendir til þess að mjög hafi dregið úr bæði reykingum og drykkju ungmenna, sem er í samræmi við þróunina víðast hvar á landinu. Hér hafa skólar, foreldrar og félagasamtök unnið gott starf. Á hinn bóginn sýna kannanir að líðan margra barna mætti vera betri og að áriðandi er að leita leiða til að efla sjálfstraust þeirra.

Sem dæmi um jákvætt framlag skólanna til þessa málaflokks má nefna breytta kennsluhætti, t.d. vinnustofurnar á Bakkafirði og margbreytileg uppbot á starfinu á Þórshöfn (t.d. svokallaða fjölgreindaleika). Einnig má nefna uppbyggingu fjölbreyttra valgreina og þátttöku í Skólahreysti og Nordplusverkefnum, svo fátt eitt sé nefnt. Viðhorf nemenda til skólanna og kennaranna er jákvætt, samskipti yfirleitt góð, sem og skólabragur. Þáttur foreldra í virku starfi hefur farið vaxandi og Vímuvarnarráð skilað góðu starfi. Þá hefur leikskólinn lagt mikið af mörkum, m.a. með útináms- og umhverfismenntarverkefnum (Grænfáninn). Gott íþróttastarf hefur verið í boði, þó vantað hafi framboð sem höfðaði til elsta hópsins – og að gjarnan mætti bjóða fleiri íþróttagreinir. Einnig má nefna gott starf í Tónlistarskólanum, kirkju- og skátastarf, starf Ungmennafélagsins og Björgunarsveitarinnar. Þá er góð reynsla af leiklistarstarfi, sem því miður hefur ekki verið samfelld.

Talsverðar áhyggjur hafa verið í sveitarfélaginu af málefnum ungmenna á aldrinum sextán ára og fram yfir tvítugt. Þær tengjast menntun, tómstundum, virkni þeirra og atvinnuþátttöku. Lítið hefur verið í boði sem sérstaklega hefur verið miðað við þennan hóp og grunur um að á þessum aldri séu einstaklingar sem séu að glíma við depurð og kvíða eða jafnvel félagslega einangrun. Í þessu sambandi hefur verið bent á að aðgangur að sálfræðiþjónustu í Langanesbyggð er ófullnægjandi. Einnig hefur verið bent á að í skólunum sé líklega of mikill áhersla á bóknám, á kostnað verklegs náms, raungreinakennslu og skapandi viðfangsefna. Einhliða áhersla á bóknám getur verið slæm fyrir suma nemendur og haft áhrif á sjálfsmynd þeirra.

Líta verður til þess að nokkuð hefur vantað á að fjölbreyttni í framboði á tómstundastarfi standist samjöfnuð við það sem best gerist í sambærilegum sveitarfélögum.

Loks verður að horfa til þess að aðstæður barna í sveitarfélaginu til að nýta sér framboð í frístundum er mismunandi og ástæða til að leita leiða til að auka jöfnuð varðandi þetta.

## Forvarnarstefnan

Forvarnarstefnan hlýtur að taka mið af þeirri greiningu sem lýst er hér á undan og marka þau spor sem vænlegust þykja til að efla forvarnarstarfið.

Þessi forvarnarstefna er þríþætt. Í fyrsta lagi er hún fólgin í almennri stefnumörkun, eða *leiðarljósum* sem snertir samfélagið í heild sinni. Þetta hefur oft verið orðað svo að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Í öðru lagi er settur fram listi yfir *forgangsverkefni*, þ.e. þau viðfangsefni sem samstaða virðist um að brýnast sé að taka á. Loks er settur fram listi þar sem haldið er til haga fjölbreyttum hugmyndum, sem fram komu við undirbúning þessarar stefnumörkunar, og miða allar að því að efla starfið. Þennan lista má nota sem *hugmyndabanka* á næstu misserum.

Á lokastigi þessarar stefnumörkunar kom fram sú hugmynd að velja stefnunni einkunnarorð. Mælt er með því að þegar stefnan verður kynnt verði efnt til samkeppni meðal íbúa Langanesbyggðar um slík einkunnarorð. Þetta mætti t.d. gera um það leyti sem skóla- og tómsundastarf fer af stað í haust.

## Leiðarljós

Í forvarnastefnu Langanesbyggðar er lögð áhersla á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag þar sem öll börn og ungmenni hafi jöfn tækifæri, tileinka sér heilbrigðar lífsvenjur, líður vel og hafa sterka sjálfsmynd. Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna skiptir þar sköpum. Jafnframt er lögð áhersla á að sem flestir líti á það sem hlutverk sitt að hlúa að umhverfi barna og unglunga og sjá til þess að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi.

- Styðja þarf foreldra í uppeldishlutverki sínum með fjölbreyttum aðgerðum, m.a. í samvinnu við skóla, sveitarfélagið, stofnanir og félagasamtök. Hér er einkum átt við fræðslu og ráðgjöf og stuðning.
- Miklu varðar að börn og unglingar þroski með sér sterka og jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni sem gerir þeim kleift að takast á við áskoranir daglegs lífs. Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga.
- Samfélagið allt þarf stöðugt að vera vakandi yfir aðstæðum barna og bregðast skjótt við þegar nauðsyn krefur.

Eindregið er lagt til að allir þeir aðilar sem leggja af mörkum til að forvarna- og lýðheilsustarfs bregðist við þessari stefnumörkun með því að gera gein fyrir hlutverki sínu við framkvæmd hennar og áherslum á næstu misserum. Hér er meðal annars átt við skólana, starfsnefndir sveitarfélagsins, ungmennafélagið, félagsmiðstöðina, foreldrafélögin, félagsþjónustuna, heilsugæsluna, kirkjuna og vinnuskólann. Aðilar eru hvattir til þess að setja sér markmið, helst mælanleg, eftir því sem unnt er, sem og aðgerðaáætlun. Þá er áriðandi að reglulega sé lagt mat á framgang stefnunnar. Mælt er með því að þetta sér gert á fundum ofrangreindra aðila sem efnt verði til annað hvert ár.

## Forgangsverkefni

### 1. **Fagleg forysta og aðgerðir**

Ráðinn verði starfsmaður (félagsmála- eða tómstunda- og íþróttafulltrúi) til að vinna að forvarnar- og lýðheilsumálum fyrir sveitarfélagið. Sé ekki unnt að ráða manneskju í fullt starf verði ráðið í hlutastarf. Verkefni þessa starfsmanns verði einkum að fylgja þessari stefnumörkun eftir.

Þau sveitarfélög sem halda uppi hvað öflugasta forvarnarstarfinu virðast eiga það sameiginlegt að hafa á að skipa dugmiklu og hugmyndaríku fagfólki á þessu sviði. Það hefur yfirsýn, samhæfir starfið, virkjar fólk með lýðræðislegum hætti, hvetur það og laðar til samstarfs, miðlar hugmyndum, stýrir verkefnum eða dreifir þeim. Hlutverk þessa starfsmanns er m.a. að leiða saman alla þá sem koma að forvarnarmálum, með reglulegum hætti til þess að samhæfa starfið sem best og stuðla að því að frístundastarf barna og fullorðinna fléttist saman eftir því sem unnt er.

Meðan ekki eru tök á að ráða starfsmann kemur til greina að fela þetta hlutverk einhverri starfsnefnd (fræðslunefnd, velferðanefnd eða íþrótt- og tómstundanefnd).<sup>2</sup> Einnig má nefna að kannan möguleika á því að semja við Félagsþjónustuna um að taka þetta verkefni að sér.

### 2. **Virkjandi starf fyrir ungmenni**

Ráðist verði í aðgerðir sem beinast að því að bæta aðstæður ungs fólks.<sup>3</sup> Efla þarf tómstunda- og menningarstarf fyrir þenna aldurshóp, bæta aðgang að sálfræðiþjónustu og gera ráðstafanir til að tryggja að hún sé reglulega fyrir hendi.<sup>4</sup> Ganga þarf lengra en nú er gert til að finna ungmenni í áhættu.

Sérstaklega þarf að láta skoða að hvaða marki unnt er að nýta bjargir hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði í þágu þessa hóps.<sup>5</sup> Þetta verði eitt af verkefnum starfsmanns.

### 3. **Efling félagsmiðstöðvar sem vettvangs fyrir fjölbætt tómstundastarf fyrir börn, unglinga og ungt fólk.**

Félagsmiðstöðinni (Svartholinu) verði fundið rýmra húsnæði sem innréttað ferði í samstarfi við ungmennin. Jafnframt lúti starfið dagskrá sem unglingar og ungt fólk hafa tekið leiðandi þátt í að móta og framkvæma.

Bent hefur verið á fjölmarga möguleika, m.a. Íþróttamiðstöðina, þar sem félagsmiðstöðin var áður til húsa en bókasafnið er nú. Hugmyndir hafa verið um að flytja bókasafnið í Grunnskólann eða félagsheimilið (Þórsver). Kosturinn við þessa lausn er aðgangur að öðrum húsakynnum í Íþróttamiðstöðinni, en helsti gallinn sá að þetta húsnæði er fullþröngt fyrir félagsmiðstöð. Meðal

---

<sup>2</sup> Í þessu sambandi er vert að halda því til haga að í undirbúningi þessa verkefnis kom fram sú skoðun að það háí starfi á vegum sveitarfélagsins hversu margar starfsnefndir eru. Sameining einhverra þeirra gæti því orðið til að efla forvarnarstarf. Nefna má til dæmis að sameina íþrótt- og æskulýðsnefnd annað hvort fræðslunefnd eða velferðarnefnd.

<sup>3</sup> Hér er einkum átt við hópinn frá sextán ára fram yfir tvítugt.

<sup>4</sup> Bent var á að Heilbrigðisstofnunin gæti beitt sér fyrir auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu og öðrum sérúrræðum.

<sup>5</sup> Sjá um VIRK á þessari slóð: <http://www.virk.is/>



annarra hugmynda má nefna að félagsmiðstöðin verði í öðru því húsi þar sem Leikskólinn Barnaból er nú, þegar nýbygging fyrir leikskólann er risin. Hér má nefna hugmyndir um að þessi nýja miðstöð yrði einnig ætluð fyrir aðra starfsemi, t.d. félagsstarf aldraðra og skapast þá margvíslegir möguleikar á að tengja kynslóðirnar saman, t.d. gætu eldri borgarar kennt börnum og unglingum margt, en þeir aftur kennt gamla fólkinu að nota tölvur og snjalltæki. Þessi aðstaða er einnig kjörin fyrir frjáls félög á svæðinu fyrir til að nýta fyrir starfs á sínum vegum, t.d. fundi og viðburði. Fyrirmynd að starfsemi sem þessari er *Hús frítímans*<sup>6</sup> á Sauðárkróki.

4. **Áfram verði unnið markvisst að því styrkja unga fólk með einstaklinga (sjálfstyrking).**

Hér er átt við allt starf sem lítur að því að efla persónu- og félagsþroska og að stuðla að bættri sjálfsmynd. Áhersla verði lögð á að skólarnir haldi áfram því góða starfi sem grunnur hefur verið lagður að og beinist að því að styrkja nemendur sem manneskjur með því að efla ábyrgð þeirra á og þátttöku í náminu, kenna þeim að koma fram, tala fyrir máli sínu og vera óhrædd við að setja fram hugmyndir og standa fyrir þeim. Nefna má að efla þátt verklegra viðfangsefna í náminu, skapandi starf, val og glímu nemenda við heildstæð verkefni. Hér kemur til greina að hefja aftur innleiðingu uppeldisstefnunnar, *Uppeldis til ábyrgðar*, og um leið verði efna til samstarfs við foreldra um þær áherslur (*foreldrasáttmáli*). Einnig má nefna sjálfstyrkingarnámskeið og að ART-þjálfun verði haldið áfram.<sup>7</sup> Öflugt starf í félagsmiðstöðinni, þar sem ungmennin leggja af mörkum er einnig þýðingarmikið, sem og annað félagsstarf sem þau taka þátt í.

5. **Áríðandi er að skapa öllum börnum í sveitarfélaginu jafnan aðgang að félags-, tómsunda- og íþróttastarfi.**

Hér verður að líta meðal annars til þess að sveitarfélagið liði fyrir samgöngum milli þorpanna – í boði þyrftu að vera reglulegar ferðir í tengslum við félags-, tómsundastarf og íþróttastarf. Einnig má benda á þann möguleika að foreldrar geti sótt um ferðastyrki. Bent er á að vinna þetta í samstarfi við skólana, m.a. svo unnt sé að nýta skólaakstur, þegar tók eru á.

6. **Áríðandi er að finna leiðir til að efla þátttöku nýrra Íslendinga í samfélaginu og styrkja þá til aukinnar félagslegrar virkni.**

Langanesbyggð er fjölmenningarlegt samfélag þar sem margir íbúar eru að erlendu bergi brotnir og hafa annað móðurmál en íslensku. Mikilvægt er að styðja við tungumálafærni þessa hóps, bæði með því að bjóða upp á fjölbreytt námskeið og stuðning við að læra íslensku sem og að styðja við nám í móðurmál þeirra. Um þetta má leita stuðnings Huldu Karenar Daníelsdóttur,<sup>8</sup> verkefnisstjóra, sem annast ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál Fjölmenningarseturs<sup>9</sup> eða Rannsóknarstofu í fjölmenningarfræðum.<sup>10</sup>

7. **Fræðsla til foreldra um hlutverk þeirra í forvarnarstarfi verði eflað.**

Mælt er með því að reglulega, (t.d. á hverju misseri), verði fræðsla fyrir foreldra sem tengist lýðheilsu- eða forvarnarmálum. Nefna má námskeið, fyrirlestra, fræðsluerindi,

<sup>6</sup> Sjá um *Hús frítímans* á þessari slóð: <http://www.husfritimans.is/>

<sup>7</sup> Sjá um ART á þessari slóð: <http://www.isart.is/>

<sup>8</sup> Hulda Karen hefur verið ráðgefandi við grunnskólana í Langanesbyggð.

<sup>9</sup> Um *Fjölmenningarsetur*, sjá á þessari slóð: <http://www.mcc.is/>

<sup>10</sup> Sjá um hana á þessari slóð: <http://menntavisindastofnun.hi.is/fjolmenning/forsida>

kynningarbæklinga eða efni á heimasíðu sveitarfélagsins (sjá nánar í hugmyndabankanum hér á eftir).

## Hugmyndabanki

Hér er haldið til haga fjölbreyttum hugmyndum sem fram komu við mótun forvarnarstefnunnar. Margar þeirra geta jafnframt verið hluti af leiðum til að ná markmiðum hennar. Vakin er athygli á því að margar þessara hugmynda eru ekki kostnaðarsamar – sumar kosta jafnvel lítið meira en frumkvæði. Eindregið er hvatt til þess að þessum hugmyndum verði sem flestum komið í framkvæmd og að þeir aðilar sem að forvarnar- og lýðheilsuáttum koma skipti með sér verkum um að koma þeim í framkvæmd. Tekið skal fram að hugmyndunum er ekki raðað í forgangsröð. Lagt er að þeim aðilum sem koma að forvarnarmálum að fara vandlega yfir þennan lista og hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum sem vænlegastar þykja. Hvatt er til þess að samráð sé haft um stöðuga endurskoðun hans svo hann geti orðið lifandi tæki í framkvæmd forvarnarstefnunnar.

## Fræðsla fyrir foreldra og aðra íbúa

- Fyrirlestrar um áhugaverð efni tengd lýðheilsu og forvörnum (heilsurækt, hollusta, svefn, hvíld, tölvufíkn, uppeldi, samskipti).
- Markviss foreldrafræðsla, m.a. um uppeldisaðferðir, hollt mataræði, hegðun og samskipti og netnotkun barna.
- Nýta Foreldrasáttmála Heimilis og skóla.<sup>11</sup>

## Tómstundastarfið

- Starfsfólk félagsmiðstöðvar fái tækifæri til að fara í starfsþjálfun í aðra miðstöð eða miðstöðvar.
- Komið verði á fót virku ungmennaráði.
- Félagsmiðstöðin efni til *mótorsmiðju* þar sem unglungum gefst kostur á að vélaviðgerðum.
- Efnt verði til áhugasviðsbúða, þar sem fólk á öllum aldri, kynnrir áhugamál sín, eða vinnur saman að þeim.
- Skákkennsla verði eflid.
- Spilakvöld fyrir alla aldurshópa.
- Klúbbastarf, t.d. eftir skóla, á kvöldin eða um helgar.
- Tölvuleikjamaráðun.
- Námskeið í hestamennsku.
- Danssamkomur (þar sem fólk kennir hvert öðru dansa sem það kann).
- Ýmsir viðburðir þar sem börn og fullorðnir vinna saman (t.d. börn, unglingar og eldri borgarar).
- Rædd verði hugsanleg sóknarfæri í tengslum við aukna samvinnu við Vopnfirðinga og Raufarhafnarbúa (... *mynda tengsl á milli unglunga á þessu landssvæði* ...).

## Skólarnir

- Aukin áhersla á verklegt nám, m.a. á unglingastigi og framhaldsskólastigi (bifvélavirkjun, vélvirkjun, málmsmiði og rafvirkjun).
- Tómstunda- og félagsmálafræði verði valgrein í Grunnskólanum sem liður í að efla virkni unglunga við að móta tómstundastarfið (dæmi um þetta má nefna frá Stykkishólmi, Seltjarnarnesi og Akureyri).

---

<sup>11</sup> Sjá um sáttmálann á þessari slóð: <http://www.heimiliogskoli.is/utgefing-efni/foreldrasattmali/>

- Regluleg skólaping verði haldin, sameiginleg fyrir báða grunnskólana.
- Komið verði til móts við óskir nemenda um fleiri valgreinar, t.d. tölvu- og upplýsingatækni og dans.
- Komið verði á fót starfsþjálfun og starfskynningu fyrir nemendur í 10. bekk, þar sem nemendum gefst kostur á starfsþjálfun á vinnustöðum.
- Sameiginlegur samstarfsdagur allra skólanna á hverju ári.
- Aukatímar í íslensku fyrir pólsku börnin, gjarnan lestur, þar sem einhver er til staðar sem getur lesið með þeim og útskýrt orð sem þau ekki skilja.
- Áhersla verði lögð á skimanir með snemmtæka íhlutun sem markmið.

## Hreyfing og íþróttir

- Áhersla á að kenna börnum og ungmennum fleiri íþróttagreinar.
  - Ráða íþróttþjálfara til að koma í tímabundnar heimsóknir, m.a. til að kynna og kenna aðrar íþróttir en þær sem mest hafa verið stundaðar í sveitarfélaginu til þessa.
- Bogfiminámskeið.
- Líkamsræktarnámskeið.
- Íþróttasalur sé stundum opinn fyrir börn og foreldra, t.d. á laugardagsmorgnum (*Opið hús*), til hreyfingar og leikja.
- Leikskólabörnin fái tíma í íþróttahúsinu.
- Opnunartímar í íþróttahúsinu verði lengdir.
- Sundleikfimi fyrir eldri borgara verði opnuð öðrum aldurshópum.
- Skoða þarf óskir nokkurra foreldra um betri útileiksvæði fyrir yngstu börnin og óskir barna um betra leiksvæði úti.

## Skapandi starf

- Stofnað verði leikfélag eða leiklistarklúbbur í sveitarfélaginu og efnt leiklistarnámskeiða.
- Efla tónmennt sem kennslugrein í grunnskólanum.
- Tónlistarskólinn standi að forskólakennslu í grunnskólunum.
- Nemendur í tónlistarnámi leiki oftari fyrir eldri borgara, sem og í tengslum við ýmsa viðburði í sveitarfélaginu
- Komið verði á fót æfingaaðstöðu fyrir unglíngahljómsveitir (hljómsveitarver).
- Stofnaður verði skólakór eða kór í sveitarfélaginu.
- Tónlistarnám standi fleirum til boða en skólabörnum sem og að efla þyrfti tónmennt og söng í grunnskólanum. Þá var kirkju- og skátastarf nefnt sem dæmi um jákvæða starfsemi (m.a. var nefnd nýleg ferð til Vestmannaeyja).

## Aðrar hugmyndir

- Börn og ungmenni eigi kost á fjölbreyttara starfi á sumrin.
- Efnt verði til leikstunda fyrir börn á leikskólaaldri fyrir börn í Skeggjastaðahreppi í Grunnskólahúsinu.
- Skoðaðir verði möguleikar á að lotuskipta íþrótt- og tómstundastarfi, til að auka möguleika barnanna á að njóta fjölbreytts starfs.
- Árlegur samstarfsdagur íbúa þar sem þeir taka til hendi.

- Íslenskukennsla fyrir þá sem eiga annað móðurmál en íslensku (þar sem meiri áhersla er á samræður en málfræði).
- Markvissar aðgerðir fyrir þá sem glíma við einmannaleika, einangrun eða þunglyndi.
- Gengið verði úr skugga um það hvort einhverjar fjölskyldur hafi ekki efni á þátttöku barna sinna í tónlistarnámi, íþróttum eða tómstundastarfi og ráðstafanir gerðar komi slíkt í ljós. Til greina kemur að taka upp frístundastyrki eins og tíðkast í mörgum sveitarfélögum.
- Sótt verði um að Langanesbyggð verði þátttakandi í átakinu *Heilsueflandi samfélag*<sup>12</sup> eða að skólarnir taki þátt í verkefnum undir merkjunum Heilsueflandi leikskóli<sup>13</sup> eða Heilsueflandi grunnskóli.<sup>14</sup>

---

<sup>12</sup> Sjá um þetta verkefni: <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>

<sup>13</sup> Sjá: <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item23293/Heilsueflandi-leikskoli>

<sup>14</sup> Sjá: [http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi\\_grunnskoli](http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli)